

Retrierverdeild HRFÍ



Skýrsla stjórnar 2018

Lögð fram á ársfundi deildarinnar 24. janúar 2019
í Síðumúla 15



Stjórn og nefndir

Ræktunarstjórn	Vinnu-og veiðinefnd	Sýninganefnd	Göngu- og skemmtinefnd	Básanefnd	Vefsíðunefnd
Erla Heiðrún Benediksdóttir*	Gunnar Örn Arnarsson	Guðbjörg Guðmundsdóttir	Lene Grönholm Óli Þór Árnason	Sigrún Guðlaugardóttir*	Guðbjörg Guðmundsdóttir
Guðrún Rakel Svandísardóttir	Heiðar Sveinsson	Sólrún Dröfn Helgadóttir	Sunna Birna Helgadóttir		Olgeir Gestsson*
Kristján Smári Smárason	Jens Magnús Jakobsson	Sunna Birna Helgadóttir			Sólrún Dröfn Helgadóttir
Sigrún Guðlaugardóttir	Kristján Smárason	Þórdís Skúladóttir			Svava Guðjónsdóttir
Þórhallur Viðar Atlason	Óskar Halldórsson				Sigrún Guðlaugardóttir
	Vilhjálmur Kári Heiðdal				
	Vilhelm Jónsson				
	Víðir Lárusson				
	Þórhallur Viðar Atlason*				
	Ævar Valgeirsson°				
	Guðrún Björg Ragnarsdóttir				
	Svava Guðjónsdóttir				

* Formaður nefndar

Deildin

Retrieverdeildin er hópdeild innan HRFÍ sem fer með málefni Retrieverhunda í tegundahópi 8. Í byrjun janúar 2019 voru skráðir 2818 (+163 frá í fyrra) hundar á lífi af 4 tegundum í gagnagrunni deildarinnar;

- 24 Nova Scotia Duck Tolling Retriever (+4)
- 43 Flat-coated Retriever (+8)
- 344 Golden Retriever (+9)
- 2407 Labrador Retriever (+142)

Allir retrievereigendur sem greiða félagsgjöld til HRFÍ teljast virkir félagsmenn.

Starfsemi

Á síðasta starfsári hélt deildin 10 veiðipróf og voru alls 109 skráningar. Deildin stóð einnig fyrir deildarsýningu þar sem 60 hundar af þremur tegundum tóku þátt. Eins og áður stóð Sýninganefnd að sameiginlegum kvöldverði á laugardagskvöldinu eftir sýninguna sem heppnaðist vel. Göngu- og skemmtinefnd var með happadrætti á meðan matnum stóð með góðum vinningum sem féll vel í kramið og notarleg stemmning myndaðist. Að vanda var árlegt tvöfalt veiðipróf á Melgerðismelum með sameiginlegum kvöldverði að Norðanmanna sið og góð hefð sem hefur skapast í prófum þar. Gamlir geymdir staðir voru notaðir aftur, Hvammsvík í Hvalfirði, við góðar undirtektir og til stendur að halda próf þar aftur sumarið 2019. Veiðinefnd ásamt stjórn stóðu að meistaraþekkingu og kvöldverði sem heppnaðist vel í blíðskapar veðri í október og var mjög góð mæting.


Ræktunarráð

Ræktunarráði bárust nokkrar pörunarbeiðnir sem og fyrirspurnir þar sem tíkareigendur voru ekki með tíkurnar klárar til ræktunar samkvæmt markmiðum deildarinnar og/eða reglum HRFÍ til ættbókar-skráningar á árinu og var þeim öllum svarað.

Deildin heldur úti rakkalista fyrir tegundir deildarinnar. Á rakkalista eru allir rakkar sem uppfylla markmið deildarinnar.

Got á árinu

Skráðir hvolpar í ættbók hjá HRFÍ árið 2018 voru: 165 Labrador hvolpar úr 29 gotum sem er sami fjöldi gota en 15 hvolpum færri en 2017, 4 Toller hvolpar úr 1 goti, sem eru fjórum hvolpum færri en í fyrra úr sama fjölda gota. 8 Flat-coated hvolpar bættust í hópinn árið 2018 sem er 100% bæting frá árinu áður og tvö Golden got voru árið 2018 með 9 hvolpum sem er mikil fækkun frá 47 hvolpum árið 2017. Sjá mynd 1.



Mynd 1. Fæðingarár ættbókarskráðra Labrador, Golden, Flatcoated og Toller Retriever frá upphafi til og með 2018.

Innflutningur

Skv. gagnagrunni deildarinnar voru fluttir inn 3 Golden Retriever og 1 Labrador Retriever árið 2018.

Veiðinefnd

Veiðinefnd hélt nokkra fundi á seinasta ári og skipulagði 10 veiðirpróf og 3 vinnupróf. Nefndin lagði til starfsáætlun fyrir stjórn deildarinnar fyrir árið 2019. Veiðinefnd ásamt stjórn stóð að Meistarakeppni og lokahófi í október sem var vel sótt og gekk vel. Eins og alltaf þegar retrieverfólk kemur saman var mikið stuð og mikil gleði. Meistarakeppnin er orðin að árlegum viðburði sem er aftur á dagskrá hjá deildinni 2019.

Mjaðma- og olnbogamyndir

Þrjár tegundir voru mjaðma- og olnbogamyndaðar á árinu. Niðurstöður má sjá í töflu 1.

Mjaðma- og olnboganiðurstöður 2018										
	Niðurstöður mjaðmamynda (HD)					Niðurstöður olnbogamynda (ED)				
	Fríir	C	D	E	Samtals	Fríir	C	D	E	Samtals
Labrador	27	3	0	0	30	25	5	1	0	31
Golden	7	0	0	1	8	3	2	0	1	6
Toller	0	1	0	0	1	1	0	0	0	1

Tafla 1. Niðurstöður myndatækna 2018

Augnskoðanir

Fjórar augnskoðanir voru framkvæmdar á árinu, niðurstöður má sjá á töflu 2.

Augnskoðanir 2018								
	Frír	Frír m. Athugas	Cataract	Disti- chiasis	Retinal displasi	Annað	Dystrophi	Samtals
Labrador	59	7	15	0	4	4	2	91
Golden	15	3	2	0	1	4	0	25
Flat Coated	2	0	1	0	0	0	0	3
Nova Scotia Duck Toller	0	0	0	1	0	0	0	1
Samtals	76	10	18	1	5	8	2	120

Tafla 2. niðurstöður úr augnskoðunum 2018

Göngu- og skemmtinefnd


Á árinu stóð Göngu- og skemmtinefnd fyrir sýningarþjálfun fyrir allar sýningar ársins sem voru mjög vel sóttar og í fyrsta sinn í langan tíma héldum við þjálfun innandyra en það mæltist vel fyrir. Vegna mikillar aðsóknar fyrir Winterwonderland sýningu HRFÍ var bætt við auka tíma á síðustu þjálfuninni. Göngu- og skemmtinefnd stóð fyrir vel sóttu bingói/partýi í apríl með glæsilegum vinningum. Bryddað var upp á skemmtilegri nýjung sem verður vonandi vel nýtt 2019, opnir tímar í Blíðubakkahúsi þar sem deildarmeðlimum er í boðið að koma og æfa. Önnur nýjung var kaffisala á flestum veiðiprófum ársins þar sem hægt var að gæða sér á ljúffengum veitingum fyrir lítinn pening til styrktar deildinni, þetta vakti mikla lukku, sérstaklega þegar veðurguðirnir voru ekki með okkur í liði. Göngu- og skemmtinefnd þakkar fyrir skemmtilegt ár 2018.

Sýningar

7 sýningar fyrir retrieverhunda voru haldnar á starfsárinu á vegum HRFÍ, 3 alþjóðlegar og 3 Nordic sýningar, þar af ein Reykjavík Winner sýning. Af alls um 4189 skráningum voru Retriever skráningar á þessum sýningum 462 (eða um 11% allra skráninga); 338 Labrador, 82 Golden, 33 Flat-coated og 9 Nova Scotia Duck Tolling. Að auki var haldin deildarsýning þar sem 60 hundar voru skráðir. Petmark ehf. gaf eignarbikara fyrir besta hund tegundar og besta hvolp tegundar í báðum aldursflokkum á öllum sýningum Hundaræktarfélag Íslands sem og styrkti okkur veglega um eignarbikara í hinum ýmsu flokkum á deildarsýningunni okkar.

ÁR	HV.4-6	HV.6-9	ULFL	UHFL	OFL	VFL	MFL	ÖFL	SAMTALS
2005 (4 SÝN)	18	15	40	31	39	0	6	6	155
2006 (3 SÝN)	9	12	51	53	62	0	2	5	194
2007 (4 SÝN)*	21	23	22	59	108	0	0	4	237
2008 (4 SÝN)	8	24	52	23	98	10	1	0	216
2009 (5 SÝN)*	19	14	87	52	138	2	11	2	325
2010 (5 SÝN)*	29	41	83	39	149	10	15	5	371
2011 (5 SÝN)*	22	36	55	65	148	4	13	5	348
2012 (4 SÝN)	33	43	68	46	111	1	22	4	328
2013 (5 SÝN) *	32	27	78	67	143	20	34	4	405
2014 (6 SÝN) *	32	23	69	45	155	28	56	13	421
2015 (8 SÝN) *	24	42	61	67	141	25	62	16	438
2016 (6 SÝN) *	56	22	99	47	121	7	54	21	427
2017 (6 SÝN) *	53	46	136	48	168	10	51	19	531
2018 (7 SÝN) *	55	43	100	82	154	12	42	34	522

Tafla 3. Þátttaka retrieverhunda í sýningum árin 2005-2018, skipt eftir flokkum. * = deildarsýning.



Mynd 2. Pátttaka retrieverhunda í veiðiþrófum og sýningum frá 1995 – 2018.

Veiðiþróf

10 veiðiþróf voru haldin á vegum deildarinnar á starfsárinu og 109 luku prófi en það er aukning um 17 frá því í fyrra sem er mjög gott. Tveir erlendir dómarmar dæmdu, þeir Magnus Ánslokken frá Noregi í Brautaholti og Peter Nordin frá Svíþjóð á Tjarnhólum og Villingavatni. Erlendur dómari dæmdi vinnuþróf fyrir deildina í fyrsta sinn á árinu. Petmark ehf. styrkti komu eins dómara til landsins og gaf öll verðlaun á veiðiþrófum ársins. Íslensku dómarmarinnir dæmdu og/eða gegndu hlutverki fulltrúa HRFÍ á árinu.

Á árinu 2018 útskrifuðust tveir nýjir dómarmar. Þeir Hávar Sigurjónsson og Jens Magnús Jakobbson. Það er mikið fagnaðarefni og kærkomin viðbót við dómarahópinn hér á landi.

Við þökkum dómurum deildarinnar þeim Halldóri Garðari Björnssyni, Sigurði Magnússyni, Margréti Pétursdóttur, Sigurmoni M. Hreinssyni, Kjartani I. Lorange og Hávari Sigurjónssyni fyrir óeigingjarnt starf í okkar þágu og þeim fjölmörgu starfsmönnum sem aðstoðuðu við framkvæmd prófanna.

Frá upphafi veiðiþrófa árið 1995 hafa 187 próf verið haldin og alls 2185 pátttökur (876 í BFL, 545 í OFL og 764 í ÚFL). Sjó íslenskir dómarmar hafa dæmt ásamt 24 erlendum dómurum. Sjá töflu 4.

Ár	Byrjunarflokkur				Opinn flokkur				Úrvals flokkur				samtals	
	Fjöldi prófa	0. eink.	1. eink.	2. eink.	3. eink.	0. eink.	1. eink.	2. eink.	3. eink.	0. eink.	1. eink.	2. eink.		3. eink.
1995	1	11	2	1	2	0	0	0	0	0	0	0	0	16
1996	3	6	3	6	5	2	1	0	0	0	0	0	0	23
1997	4	0	10	3	1	0	3	3	1	0	0	1	0	22
1998	4	6	11	9	5	1	9	3	1	6	8	2	1	62
1999	5	1	13	3	3	4	7	2	1	4	16	6	1	61
2000	4	2	4	1	2	3	3	3	1	4	12	7	6	48
2001	6	2	16	3	4	1	9	7	5	6	11	8	5	77
2002	6	7	10	6	3	1	2	4	3	12	8	5	8	69
2003	7	1	7	7	0	5	5	4	3	6	7	12	6	63
2004	7	4	8	2	0	2	8	1	2	3	11	11	5	57
2005	7	7	24	11	6	6	4	3	4	2	11	2	1	81
2006	9	9	17	6	2	7	12	9	3	8	3	7	4	87
2007	8	2	18	4	2	3	14	10	6	6	10	9	6	90
2008	8	7	12	3	9	2	10	8	3	6	20	14	7	101
2009	10	2	20	5	4	1	6	5	1	8	16	7	5	80
2010	8	7	27	13	4	1	10	8	5	7	17	9	9	117
2011	10	6	38	17	10	2	9	9	9	4	13	11	12	140
2012	11	7	32	21	8	6	16	20	4	0	27	9	6	156
2013	12	3	45	17	10	15	23	6	5	15	24	16	11	190
2014	14	8	19	7	9	18	27	17	13	10	30	17	8	183
2015	11	2	23	10	12	4	11	6	4	8	25	19	16	140
2016	12	4	22	16	2	5	10	7	8	12	16	10	9	121
2017	10	10	26	12	15	3	2	0	3	3	7	9	2	92
2018	10	7	23	15	9	7	16	5	4	1	12	9	1	109
	187	121	430	198	127	99	217	140	89	131	304	200	129	2185
			Heild byrj.		876		Heild opinn		545		Heild úrvals		764	

Tafla 4. Þátttaka retrieverhunda á veiðiprófum árin 1995-2018, skipt eftir flokkum og einkunnum.

Meistarar

10 Labradorar hlutu meistaranafnbót á árinu:

- **ISJCh** RW-18 Leynigarðs Glói – Eigandi: Svanborg Frostadóttir
- **ISJCh** Stekkjardals Ljósberi – Eigandi: Elísabet Árdís Sigurjónsdóttir
- **ISShCh** ISJCh Cold Spring Town Sweet Melody – Eigandi: Margrét Guðrún Bergsveinsdóttir
- **ISFtCh** Kolkuós Prati – Eigandi: SigurmonM. Hreinsson
- **ISCh OB-1** ISJCh Veiðivatnaflugan Embla – Eigandi: Silla Vignisdóttir
- **ISFtCh** Kolkuós Oxana Birta – Eigandi: Vilhelm Jónsson
- **ISVetCh** OB-1 ISCh Dolbia Avery Nice Girl – Eigendur: Erla Heiðrún Benediktsdóttir og Guðmundur R. Árnason
- RW-18 **ISJCh** Hrísnæs Ugla II – Eigandi: Anna Ingvarsdóttir
- **OB-1** ISJCh Hrísnæs Skuggi II – Eigandi: Óli Þór Árnason
- **ISShCh** Sólstorms What's This Life For – Eigandi: Þóra Þórsdóttir

7 Goldenar hlutu meistaranafnbót á árinu :

- **ISJCh** Bílddals Baldintáta – Eigandi: Sigríður Bílddal
- **ISShSh** EjCh ECh PTCh Heartbreaker De Ria Vela – Eigandi: Guðni B. Guðnason
- **ISVetCh** ISShCh RW-17 Skotís Príma Ösp – Eigandi: Ásta Björnsdóttir
- RW-18 **ISJCh** Great North Golden Belukha Power – Eigandi: Davíð Örn Jónsson
- RW-18 **ISJCh** Great North Golden Sunshine Hope – Eigendur: Steinunn Guðjónsdóttir og Svava Guðjónsdóttir
- **ISVetCh** ISShCh Great North Golden Mount Belukha – Eigandi: Svava Guðjónsdóttir
- **ISShCh** RW-16 Imaginarium Kir Royal – Eigandi: Roberto Cracolici

1 Flat-coated hlaut meistaranafnbót á árinu :

- **ISShCh ISJCh** Norðanheiða Stinningskaldi – Eigandi: Svala Einarsdóttir

1 Nova Scotia hlaut meistaranafnbót á árinu :

- **ISJCh** Heimsenda Riffill – Eigandi: Kristjana Jónsdóttir

Stigahæstu hundar 2018

Reiknuð voru stig fyrir frammistöðu hunda á veiðiprófum og sýningum ársins 2018 og voru tíu hundum veitt viðurkenning á ársfundi deildarinnar í Síðumúlanum.

Veiðipróf 2018:

ISFTCH Kolkuós Oxana Birta, með 61,2 stig. Eigandi: Vilhelm Jónsson. Farandbikar gaf Kolkuós ræktun.

Sýningar 2018:

Stigahæsti labrador retriever: ISJCh Náttþaga Skorri með 68 stig. Eigandi: Guðsteinn Eyjólfsson. Farandbikar gaf Leiruræktun.

Stigahæsti golden retriever: ISShCh EjCh ECh PTCh Heartbreaker De Ria Vela með 52 stig. Eigandi: Guðni B. Guðnason. Farandbikar gaf Great North Golden ræktun.

Stigahæsti flat-coated retriever: C.I.E. RW-15 ISShCh OB-I Bez-Ami's Always My Charming Tosca með 48 stig. Eigandi: Fanney Harðardóttir. Farandbikar gaf www.vinnuhundar.com

Stigahæsti nova scotia duck tolling retriever: Heimsenda Iða með 20 stig. Eigandi: Kristjana Jónsdóttir. Eignarbikar gaf Amazing Gold ræktun.

Stigahæsti labrador retriever öldungur: ISVetCh ISCh OB-1 Dolbia Avery Nice Girl með 26 stig. Eigendur: Erla Heiðrún Benediktsdóttir og Guðmundur R. Árnason. Farandbikar gaf Leiruræktun.

Stigahæsti golden retriever öldungur: ISVetCh ISShCh RW-17 Skotís Príma Ösp með 26 stig. Eigandi: Ásta Björnsdóttir. Farandbikarinn gaf: Skotís ræktun.

Stigahæsti ungliði labrador retriever: ISJCh Stjörnusteins Hanna Líf með 25 stig. Eigandi: Þórdís Skúladóttir. Farandbikar gaf Retrieverdeildin.

Stigahæsti ungliði golden retriever: RW-18 ISJCh Great North Golden Sunshine Hope með 19 stig. Eigendur: Steinunn Guðjónsdóttir og Svava Guðjónsdóttir. Farandbikar gaf Retrieverdeildin.

Stigahæsti ungliði nova scotia duck tolling retriever: Amazing Gold Tikka með 14 stig. Eigandi: Kristjana Jónsdóttir. Farandbikar gaf Retrieverdeildin.

Heimasíða

Skript var um hýsingu og útlit á heimasíðunni okkar í byrjun árs 2018 og nokkrir hnökror urðu af þeim skiptum sem unnið hefur verið að að laga. Við þökkum fyrir ábendingar deildarmeðlima og viljum hvetja félagsmenn að halda áfram að koma að ábendingum um gögn sem vantar á síðuna, gagnagrunninn eða ef upplýsingar hafa breyst.

Facebook síða deildarinnar er mjög virk.

Heimasíðunefnd og stjórnarmeðlimir hafa kappkostað að koma niðurstöðum prófa og sýninga sem fyrst inn á síðuna. Stjórn þakkar Olgeiri Gestssyni vefstjóra sérstaklega fyrir fórnfúst starf og útsjónasemi í að halda síðunni gangandi og bæta við hana því sem kemur upp hverju sinni.

Dagskrá 2019

Dagskrá 2019 og fjárhagsáætlun var samþykkt af stjórn HRFÍ í desember 2018 og var dagskráin birt formlega á ársfundi deildarinnar 24. janúar 2019.

Samþykkt voru 10 veiðipróf og 3 vinnupróf, tvö tveggja daga próf.

Meistarakeppnin er á dagskrá aftur.

Deildarsýning fyrir 2019 er ekki á dagskrá.

Veiðipróf						
próf nr.	Dags	Skráning opnar	Staður	Dómari	Fulltrúi HRFÍ	Prófstjóri / sýningastjóri
201901	Lau.13.04.2019	(20.03.2019, kl. 07.00)	Murneyrar á Skeiðum	Jens Magnús Jakobsson	Kjartan I. Lorange	Þórhallur Atlason
201902	Lau.27.04.2019	(03.04.2019, kl. 07.00)	Stokkseyri	Sigurður Magnússon	Margrét Pétursdóttir	Arnar Tryggvason
201903	Lau. 11.05.2019	(17.04.2019, kl. 07.00)	Hvammsvík	Lars Nørgaard	Halldór Björnsson	Gunnar Örn og Kári
201904	Sun.12.05.2019	(17.04.2019, kl. 07.00)	Hvammsvík	Lars Nørgaard	Halldór Björnsson	Gunnar Örn og Kári
201905	lau.01.06.2019	(8.05.2019, kl. 07.00)	Seltjörn - Snorrastaðartjarnir	Hávar Sigurjónsson	Sigurmon Hreinsson	Heiðar Sveinsson
201906	Lau.22.06.2019	(18.05.2019 kl. 07.00)	Melgerðismelar	Þyvind Veel	Sigurður Magnússon	Fanney og Ragnar
201907	Sun.23.06.2019	(18.05.2019 kl. 07.00)	Melgerðismelar	Þyvind Veel	Sigurður Magnússon	Fanney og Ragnar
201908	Lau. 13.07.2019	(19.06.2019, kl. 07.00)	Draugatjörn	Sigurmon Hreinsson	Vara fulltrúi	Vilhelm Jónsson
201909	Lau. 20.07.2019	(26.06.2019, kl. 07.00)	Húsavík	Jens Magnús Jakobsson	Vara fulltrúi	Elías Frímánn
201910	Lau.10.08.2019	(17.07.2019, kl. 07.00)	Þrándarholt	Halldór Björnsson	Kjartan I. Lorange	Kristján Smáráson
201911	Lau.31.08.2019	(07.08.2019, kl. 07.00)	Blönduós	Margrét Pétursdóttir	Sigurður Magnússon	Þorsteinn Hafþórsson
201912	Lau.14.09.2019	(31.08.2019, kl. 07.00)	Villingavatn	Kjartan Lorange	Vara fulltrúi	Kári Heiðdal
201913	Lau.05.10.2019	(18.09.2019, kl. 07.00)	Tjörn	Hávar Sigurjónsson	Jens Magnús Jakobsson	Þórhallur Atlason
Vinnupróf (WT)						
próf nr.	Dags	Skráning opnar	Staður	Dómarar	Prófstjóri	
221901	Lau. 30.03.2019	(06.03.2019, kl.07.00)	Silungapollur	Jens Magnús, Kjartan, Halldór	Heiðar Sveinsson	
221902	Mið. 22.05.2019	(28.04.2019, kl. 07.00)	Straumur	Sigurður, Margrét	Gunnar Örn Arnarson	
221903	Mið. 24.07.2018	(30.06.2019, kl. 07.00)	Tjarnhólar	Hávar, Halldór, Sigurmon	Vilhelm Jónsson	

Veiðinefnd hefur verið með opnar æfingar reglulega í ár sem hafa verið vel sóttir og gott orð farið af.

Göngu- og skemmtinefnd mun kynna viðburði jafn óðum og þeir standa til.

Básanefnd (Sigrún Guðlaugardóttir) hefur séð um skipulagningu og mönnun á Retrieverbás á sýningum félagsins þegar það hefur verið í boði og stórhundadögum í Garðheimum. Deildarmeðlimir hafa verið mjög duglegir að mæta með hunda sína í bása fyrir deildina til að kynna tegundir deildarinnar.

Lokaorð:

Árið 2018 var gott ár fyrir deildina, viðburðir voru vel sóttir og aukning var í skráningu veiðiprófa. Góður andi einkenndi okkur eins og svo oft áður.

Við erum góður hópur sem vinnum gott starf, vinnum vel fyrir félagið og erum dugleg að mæta þegar á okkur er kallað en betur má ef duga skal. Við höfum m.a. haldið út góðri sýningaþjálfun fyrir allar sýningar sem á í hættu að leggjast af þar sem mannskap vantar til að sjá um hana. Þetta er ekki aðeins ein besta fjáröflun deildarinnar, þetta er sá vettvangur sem stór hluti retrievereiganda sækir, þar sem ekki aðeins fer fram sýningaþjálfun heldur líka alkyns ráðgjöf, fólk leitar ráða hjá hvoru öðru og vinskapur myndast. Þetta er eins með allt sjálfbóðaliðastarf, oft lendir þunginn á fámennum hópi en það þarf fleiri til að skipta verkinu á milli sín, eins og orðatiltækið segir, margar hendur vinna létt verk.

Andinn í deildinni heldur áfram að vera góður hvort sem það er á veiðiprófum eða sýningum, allir til í að hjálpa félaganum eftir bestu getu. Góður andi og öflugt félagsstarf er ekki sjálfgefið eins og þurfum við að halda áfram að gera okkar besta til að viðhalda því.

Styrktaraðilar starfsins 2018 voru Petmark ehf. sem meðal annars flytur inn Eukanuba, Acana og Orijen hundafóður ásamt Hyundai og Bendir. Eins hafa nokkrir ræktendur lagt sitt af mörkum með auglýsingum á gotum á heimasíðu deildarinnar.

Að lokum óskum við öllum þeim sem hafa náð árangri með hundana sína á árinu til hamingju, bjóðum nýja meðlimi velkomna og vonumst eftir góðu samstarfi með deildar meðlimum í starfi og leik í ár.

Reykjavík 24. Janúar 2019.

Fyrir hönd stjórnar Retrieverdeildar HRFÍ

Erla Heiðrún Benediktsdóttir, formaður.

Retrieverdeild HRFÍ (kt. 610809-0490)
Bankareikningur (0701-26-610809)

Rekstrarreikningur 2018

	Gjöld	Tekjur
Styrkur frá Petmark/Eukanuba		150.000
Styrkur frá Hyundai / BL ehf		150.000
Uppgjör v. veiðiprófa 2017 frá Dýrheimum		100.924
Styrkir frá ræktendum (Hvolpa auglýsingar)		30.000
Sýningarþjálfun		153.750
Leiga Sprettshöll & Blíðubakkahúsið	61.500	
Óformlegt veiðipróf		7.000
Kaffisala á Veiðiprófum		33.000
Meistarakeppni 2018	126.085	118.800
Keypt dummy fyrir WT 50TR.+ 50VS stk =100 stk	77.269	
Keypt bráð Svartfugl 170 stk	121.799	
Talstöðvar 6 stk	15.750	
Kaffisjóður (kaffi og með því á viðburðum)	6.051	
Heiðrun viðurkenningar	26.091	
ISNIC-Lén árgjald f/retriever.is	6.230	
DNS hýsing retriever.is Tactica ehf.	4.696	
Ný heimasíða frá Tónaflóð	136.400	
Vefvistun hjá Tónaflóði, 2018	37.810	
Ógreitt vegna Meistarakeppni 2017	15.662	
Ógreitt vegna veiðipróf 2017 gisting, dóm & fulltrúa	16.333	
Sameiginlegur kvöldverður deildarsýning	34.594	53.500
Dummy-bingó á deildarsýningu		35.000
Staðgreitt vegna deildarsýningar 2018	194.829	
Staðgreitt vegna vinnu & veiðiprófa 2018	371.411	
Uppgjör frá HRFÍ vegna deildarsýningar og prófa 2017		103.406

Uppgjör frá HRFÍ vegna deildarsýningar og prófa 2018*		643.595
Vextir og fjármagnstekjuskattur	324	1.477
Rekstrarhagnaður	327.618	
	=====	=====
Samtals:	1.580.452	1.580.452

*Skýringar vegna viðburða á vegum deildarinnar (deildarsýning við Brautarholt á skeiðum, þriggja WT og 10 veiðiprófa). Skráningar á deildarsýningu voru 62, á WT 28 og 110 á veiðipróf. Skráningargjöld voru 278.105 fyrir sýninguna 94.810 fyrir WT, og 337.200 fyrir veiðiprófin, samtals 643.595 að frádregnum virðisaukaskatti. Kostnaður greiddur til skrifstofu HRFÍ var 66.520 fyrir sýningu, 33.900 fyrir WT og 124.800 fyrir veiðiprófin, endurgreitt prófgjald 24.800. Engin kostnaður var staðgreiddur af HRFÍ en kostnaður staðgreiddur af Retrieverdeild var 566.240.

Rekstrarhagnaður deildarinnar árið 2018 er kr.327.618,-

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Hrein eign Retrieverdeildar HRFÍ 31. desember 2018 var kr. 1.800.512,- á bankabók (0701-26-610809), að auki er ógreiddur styrkur frá Bendi ehf. 90.000.og er því hrein eign kr.**1.890.512,-** Til samanburðar var hrein eign þann 31.12.2017 kr. 1.661.562,-

Reykjavík, 21. janúar 2019.

Fyrir hönd stjórnar Retrieverdeildar HRFÍ

Þórhallur Atlason

Þórhallur Atlason, gjaldkeri